



## Fundargerð

188. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 13. maí 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir

### Dagskrá:

1. Opnun tilboða „Stofnlagnir á Egilsstaðanesi“
2. Málefni HAUST og HEF, Helga Hreinsdóttir
3. Innkomin erindi og fundargerðir
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:17

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. Opnun tilboða „Stofnlagnir á Egilsstaðanesi“

*Framlögð gögn á fundinum: Fundargerð opnunarfundar dags 12.5.2015*

Eftirfarandi tilboð bárust:

	<b>Tilboðupphæð kr.</b>	<b>Hlutfall af kostnaðaráætlun</b>
<b>Kostnaðaráætlun verkkaupa</b>	<b>30.665.000</b>	<b>100 %</b>
Austurverk ehf.	22.583.000	74 %
Ylur ehf.	18.557.191	61 %
ÞS Verktakar ehf.	26.946.727	88 %

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að semja við lægstbjóðanda Yl ehf. um verkið.



## 2. Málefni HAUST og HEF, Helga Hreinsdóttir

Helga Hreinsdóttir mættir til fundar kl 12:44.

Fráveitur

- Helga vill meina að nógildandi fráveitureglugerð er mjög ófullkomin og erfitt að fara eftir. Rætt um drög að fráveitusamþykktum fyrir sveitarfélögin sem send voru út í febrúar s.l. Nógildandi samþykktir hjá Fljótsdalshéraði er frá 2005. Sama á við um gjaldskrá um fráveitumál. Mikilvægt er að viðmið vegna olú og fitu verði komið í samþykkt um fráveitur sveitarfélagsins sem allra fyrst.
- Rætt um drög að starfsleyfi vegna fráveitna þéttbýlis á Fljótsdalshéraði sem sent var út í desember sl.
- Seyrugryfjur – Vallanes þar þarf að nýta seyruna til að hægt sé að fella starfsleyfi út gildi. Framlengja þarf skurð á Eyrarteigi og planta í efri hluta. Vantar að ljúka merkingu á Skjöldólfsstöðum.
- Hreinsivirki – eru að koma mjög vel út.

Vatnsveitur – starfsleyfi í lagi og sýnatökur í eðlilegu ferli. Vantar að merkja vatnsverndasvæði við Köldukvísl.

## 3. Innkomin erindi og fundargerðir

- a) Leigusamningar vegna hreinsivirkja og seyrugryfja lagðir fram. Framkvæmdastjóra falið að endurnýja þjónustusamning vegna seyrugryfja í Snjóholti.
- b) Umsögn Samorku um frumvarp um niðurgreiðslur húshitunar 698. mál, maí 2015 – lagt fram til kynningar.
- c) Leiðbeinandi mörk fyrir meginefnaþætti fráveituvatns frá matvælaíðnaði og punktar SNK um viðmiðunarmörk. – lagt fram til kynningar
- d) Fundargerð 211. stjórnarfundar Samorku – lagt fram til kynningar.



#### **4. Skýrsla framkvæmdastjóra.**

- Réttindanámskeið í samsetningu lagna á vegum Samorku, HEF ehf., Sets ehf. var haldið hér í gær og fyrradag.
- Verið að rífa girðingu í kringum aflagða vatnsbólið á nesinu.
- Framkvæmdastjóri minnti á Samorkuráðstefnuna í Borgarnesi.

#### **5. Önnur mál**

- a) Sigríður spurði um leigu á Einhleypingi 1. Verið er að laga glugga og gardínur. Auglýst síðar þegar búið er að laga húsið.
- b) Gunnhildur spurði um gang samninga við landeigendur Egilsstaða 1. Verið að afla gagna og teikna.
- c) Næsti reglulegi fundur verður 27. maí 2015

Fundargerðin verður send á fundarmenn til samþykktar og fundi slitið kl. 14:04

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson